




Breytingar á sjálfbærniregluverki ESB (EU Omnibus) og næstu skref

Tímalína, forsaga og markmið

Omnibus-tillögur um að draga úr skýrslugjöf eru ekki vísbending um að ESB ætli sér að draga úr áherslu á umhverfismál



Helstu Omnibus-tillögur CSRD í stuttu máli

Fyrirhugaðar breytingar draga verulega úr fjölda fyrirtækja sem hafa svigrúm til CSRD-skýrslugerðar í ESB og innleiðir lengri tímalínur

Umfang:

- Fyrirtæki með fleiri en **1000 starfsmenn** (og **annað hvort** heildarveltu yfir 50 milljónun evra eða efnahagsreikning yfir 25 milljónun evra) eiga að skila upplýsingum skv. CSRD.
- Smærri fyrirtæki (færri en **1000 starfsmenn**) geta upplýst valfrjálst með nýjum staðli fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki (VSME).
- „**Mörk á upplýsingaskyldu í virðiskeðju**” eru kynnt til sögunnar. Bankar og stærri fyrirtæki geta einungis óskað eftir gögnum frá virðiskeðju í samræmi við VSME-staðlana.

Tímalína:

- Engin frestun fyrir fyrirtæki í **1. bylgju** (fyrirtæki sem birtu sjálfbærniupplýsingar ársins 2024 árið 2025).
- Frestun gildistöku um tvö ár fyrir stór fyrirtæki sem ekki hafa enn innleitt CSRD og fyrir skráð smærri og meðalstór fyrirtæki (**bylgja 2 og 3**) á meðan breytingar á umfangi eru í samþykktarferli.

Aðrar breytingatillögur:

- Samdráttur í **fjölda gagnapunkta** sem skylda er að birta samkvæmt ESRS-sjálfbærniáætlunum.
- **Sértækir staðlar** fyrir atvinnugreinar eru afnumdir.
- **Staðfesting** með takmarkaðri vissu er óbreytt, en ekki verður farið í staðfestingu með fullri vissu.
- **Tvöföld mikilvægisgreining verður óbreytt.**

Fyrirhugaðar breytingar á flokkunarreglugerð ESB og CSDDD í stuttu máli

Flokkunarreglugerð ESB

Umfang:

- Fyrirtæki með fleiri en 1000 starfsmenn og **hreina veltu yfir 450** milljónum evra skulu birta upplýsingar skv. flokkunarreglugerðinni (samræmt við umfang CSDDD).
- Fyrirtæki sem falla undir CSRD en eru með **hreina veltu undir 450** milljónum evra) geta birt valfrjálst ef þau telja starfsemi sína samræmast flokkunarreglugerðinni.

Tímalína:

- Ekki tekið fyrir í þessari tillögu.

Aðrar fyrirhugaðar breytingar:

- Einföldun á sniðmáti, gagnapunktum fækkað um allt að 70%.
- Innleiðing á viðmiðum um fjárhagslegt mikilvægi í upplýsingagjöf flokkunarreglugerðarinnar.
- Einföldun á torveldasta skilyrði „að valda ekki verulegu tjóni“ (DNSH) – mengunarvarnir og eftirlit með mengun að því er varðar notkun og tilvist íðefna.
- Framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir umsögnum um þessar tillögur, sem hægt er að kynna sér [hér](#).

CSDDD

Umfang:

- Umfang CSDDD helst **óbreytt** (fleiri en 1000 starfsmenn og hrein velta yfir 450 milljónum evra).
- Einföldun á áreiðanleikakönnun með því að leggja áherslu á **beina samstarfsaðila** og krafa um mat á 5 ára fresti í stað árlegs mats.
- Beiðni um **upplýsingar í virðiskeðjunni** eru takmarkaðar til þess að draga úr byrði á lítil og meðalstór fyrirtæki.

Tímalína:

- Frestað til **2028** til þess að gefa fyrirtækjum meiri tíma til undirbúnings.

Aðrar fyrirhugaðar breytingar:

- Að samræma kröfur áreiðanleikakannana **um allt ESB**.
- **Einkaréttarábyrgð um allt ESB** er afnumin, og vísað til landslaga.
- **Lágmarkssektir** afnumdar, í staðinn koma leiðbeiningar frá ESB.

Hvað svo?



Tillagan fer í gegnum hefðbundið ferli innan ESB, til samþykktar hjá Evrópuþinginu og ráðinu. Því næst fer hún í ferli innan EES og síðan til innleiðingar í íslensk landslög og getur því tekið breytingum víðsvegar í ferlinu.



Upprunaleg CSRD tilskipun hefur ekki verið innleidd á Íslandi og óvissa er um hvort slíkt verði að svo stöddu eða hvaða stefnu íslensk stjórnvöld taka varðandi þá innleiðingu.



Að öllu óbreyttu og þar til annað verður tilgreint, eru núgildandi lög í gildi, ss. kröfur gr. 66d í ársreikningalögum og lög nr. 25/2023 sem innleiða flokkunarreglugerð ESB í íslenskan rétt.

Hvað ættu fyrirtæki að hafa í huga í ljósi óvissu um innleiðingu sjálfbærniregluverks hér á landi?



Staldráðu við og farðu yfir þá vinnu og þann undirbúning sem nú þegar hefur farið fram og hugsaðu um hvað skiptir raunverulega mestu máli (e. common sense).



Vertu með á hreinu hvar þitt fyrirtæki stendur í þessum breytingum varðandi CSRD og EU Taxonomy og öðru tengdu regluverki og fylgstu með þróuninni þer sem tillögurnar geta tekið breytingum (e. be informed).



Vertu með stefnumótandi forgangsröðun á hreinu og skipuleggðu næstu skref í samræmi við hana og komdu í veg fyrir óparfar aðgerðir (e. no regret).

Þrýstingur á atvinnulíf um aðgerðir á sviði sjálfbærni og loftslagsmála kemur ekki bara frá auknu regluverki



Samfélagið og unga fólk lætur sig sjálfbærnimál varða – um 80% þátttakenda í Kynslóðakönnun Deloitte, Festu og SHÍ finnst mikilvægt að vinnuveitandi sé með stefnur og markmið í umhverfismálum.



Neytendur velja í auknum mæli sjálfbærar vöru og vörumerki sem sitt framlag til grænna umskipta.



Stjórnvöld og eftirlitsaðilar leggja áherslu á að draga úr mengun, innleiða ábyrga stjórnarhætti og koma í veg fyrir félagslegan ójöfnuð með regluverki.



Auðlindir heimsins eru takmarkaðar og koma verður í veg fyrir óafturkræfan skaða á lífríki.




Samkeppni: Sjálfbærni er tækifæri til aðgreiningar á markaði og styrkir samkeppnisstöðu.



Skýr krafa frá **fjárfestum og lífeyrissjóðum** um sjálfbæra fjárfestingakosti og bættara aðgengi að fjármögnun.

Nýr valkvæður upplýsingastaðall sem fyrirtæki geta nýtt sér við skýrslugjöf (VSME)

- Lítil og meðalstór fyrirtæki geta nýtt sér þennan valkvæða staðal og endurbættur VSME staðall sem Omnibus tillagan tilgreinir verður væntanlega byggður á þessum staðli.
- Byggir á sömu viðmiðum og ESRS en mun minna umfang.
 - 150 gagnapunktur í stað 1100
- Hægt er að nýta útkomur úr tvöfaldri mikilvægisgreiningu og einfalda gloppugreiningu til að fá yfirlit yfir helstu eyður varðandi stefnur, markmið, aðgerðir og gögn.
- Góður grunnur fyrir fyrirtæki að vinna með til að marka trúverðuga langtíma sjálfbærnivegferð.



Sjálfbærniteymi Deloitte á Íslandi

Leiðandi ráðgjafar á sviði sjálfbærni og loftslagsmála



Gunnar S. Magnússon

Meðeigandi, yfirmaður sjálfbærni ráðgjafar

Sjálfbær fjármál, UFS áhættustýring, kolefnismarkaðir og umbreyting, stefnumótun og markmiðasetning, UFS skýrslugjöf og regluverk
gmagnusson@deloitte.is



Steina Dröfn Snorradóttir

Liðsstjóri

Endurskoðandi, UFS staðfesting, flokkunarreglugerð ESB
ssnorradottir@deloitte.is



Margrét Helga Guðmundsdóttir

Verkefnastjóri

Sjálfbærni regluverk ESB, flokkunarreglugerð ESB, SFDR, EU- ETS, opinber stjórnsýsla
mhgudmundsottir@deloitte.is



Björgheiður Margrét Helgadóttir

Verkefnastjóri

CSRD, UFS skýrslugjöf, mannréttindi og jafnrétti
bmhelgadottir@deloitte.is



Hjördís Sveinsdóttir

Sérfræðingur

CSRD, flokkunarreglugerð ESB, UFS skýrslugjöf og staðfesting
hsveinsdottir@deloitte.is



Sigurður Örn Alfonsson

Sérfræðingur

CSRD, UFS skýrslugjöf og staðfesting, sjálfbær fjármál
sialfonsson@deloitte.is



Guðni Þór Þórsson

Sérfræðingur

CSRD, UFS skýrslugjöf og staðfesting, flokkunarreglugerð ESB
gthorsson@deloitte.is



Deloitte ehf. og Deloitte Legal ehf. eru hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“). DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félög eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyzi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, upplýsingatækniráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarféлага okkar og tengdra féлага spannar meira en 150 lönd og landsvæði (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). Hjá Deloitte starfa um 460.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“), alþjóðlegt net aðildarféлага þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti.

Engar yfirlýsingar, ábyrgðir eða skuldbindingar (sem lýst er yfir eða gefnar eru í skyn) eru gefnar um hversu nákvæmar eða fullnægjandi upplýsingarnar sem veittar eru í þessum samskiptum eru, og DTTL, aðildarfélag þess, tengd félög, starfsfólk eða aðrir fulltrúar skulu ekki vera gerð ábyrg fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða beint eða óbeint hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar. DTTL, hvert aðildarfélag þess, og tengd félög, eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir aðilar.

© 2025 Deloitte ehf.